



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga FRN23050133
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	Mái 2023

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Lög um greiðsluaðlögun einstaklinga tóku gildi árið 2010, þar sem knýjandi þörf var fyrir úrræði til að takast á við þann vanda sem til kom vegna efnahagshrunsins 2008. Markmiðið með lagasetningunni var jafnframt að lögfesta varanlegt úrræði til framtíðar handa einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum en Ísland var seinast allra Norðurlandþjóða til að innleiða slíkt úrræði. Yfir 8600 umsóknir um greiðsluaðlögun hafa borist frá upphafi. Á bak við hverja umsókn getur verið annars vegar einstaklingur og hins vegar sambýlisfólk/hjón og eru því fleiri einstaklingar sem hafa sótt um úrræðið en fjöldi umsókna segir til um. Þörf er fyrir endurskoðun laganna og er markmiðið með fyrirhuguðum breytingum að bæta úrræðið og gera málsmeðferðina skýrari og skilvirkari, umsækjendum til hagsbóta. Úrræðið hefur margsannað mikilvægi sitt en löggjöfin þarf að þróast í takt við breytt umhverfi og þarfir umsækjenda.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er að gera breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010 til að ná því markmiði sem að er stefnt, að gera úrræðið betra, skýrara og skilvirkara. Með frumvarpinu yrðu úrelt ákvæði felld brott, gerðar orðalagsbreytingar, umbætur gerðar á lagaákvæðum, breytingar gerðar á málsmeðferð og meðferð krafna er standa utan greiðsluaðlögunar, til hagsbóta fyrir umsækjendur.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Mörg ákvæði laganna eru orðin úrelt eða þarfnast endurskoðunar. Það markmið sem stefnt er að næst ekki að óbreyttum lögum. Sem dæmi má nefna að í gildandi lögum er ekki heimild til að greiða kröfuhöfum utan greiðsluaðlögunar á sama hátt og kröfuhöfum innan greiðsluaðlögunar, tímafrestrir eru of langir, of ströng synjunarákvæði og breytingaferli samninga er ekki í samræmi við framkvæmd og þarfir umsækjenda.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs er vísað til þess að verkefni ríkisstjórnarinnar verði að efla almannaþjónustu með það að markmiði að bæta lífsgæði þeirra sem verst standa. Lögð er áhersla á að stuðningur við fjölskyldur sé fjárfesting í fólki. Með því að bæta fjárhagslega stöðu fjölskyldna sem þurfa sérstakan stuðning er stuðlað að jöfnuði til framtíðar. Þá verði málefni örorkulífeyrisþega tekin til endurskoðunar með það að markmiði að bæta lífsgæði og lífsgæði fólks með skerta starfsorku.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Með því að gera úrbætur á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga er verið að efla velferðarþjónustu við þá einstaklinga sem verst standa fjárhagslega. Að aðstoða einstaklinga í fjárhagserfiðleikum er mikilvægt velferðar- og lýðheilsuáttál. Þess ber að geta að hátt hlutfall umsækjenda um greiðsluáðlögun eru örorkulífeyrisþegar.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef breytingar verða ekki gerðar á lögnum mun það leiða til þess að úrræðið fær ekki þá framþróun sem það nauðsynlega þarfnast og málsmeðferð verður ekki jafn skilvirk og hún gæti orðið.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Ekki er hægt að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með frumvarpinu, með öðrum úrræðum en lagasetningu.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Aðrar leiðir en viðeigandi breytingar á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga eru ekki taldar geta átt við.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Áformað er að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga, þar sem ekki er hægt að ná markmiðum breytinganna á annan hátt.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Helstu fyrirhuguðu breytingar eru eftirfarandi:

- Breyting á búsetu- og lögheimilisskilyrði til þess að geta leitað greiðsluáðlögunar
- Breyting á meðferð ákveðinna krafna sem standa utan greiðsluáðlögunar á þann veg að heimilt verði að semja um gjaldfrest á þeim, eða að þær verði hluti af greiðsluáætlun samnings um greiðsluáðlögun
- Kröfur vegna ábyrgðarskuldbindinga á námslánum falli innan greiðsluáðlögunar
- Ákveðnir synjunarliðir felldir brott
- Ákveðnum synjunarliðum bætt við og aðrir gerðir skýrari
- Skýrar reglur settar um hæfi umsjónarmanna
- Umbætur gerðar á reglum um sölu fasteigna
- Breyting gerð þess efnis að eingöngu kröfuhafar sem lýstu kröfum fá afhent frumvarp til samnings um greiðsluáðlögun. Komist á samningur fá þeir kröfuhafar sem lýstu ekki kröfu senda samantekt um niðurstöðu samnings
- Skýrara ákvæði sett um hvernig skuli miðla greiðslum milli kröfuhafa
- Ný heimild fyrir umboðsmanns skuldara að fá upplýsingar um vanskil samninga
- Fellt brott ákvæði um aðkomu embætta sýslumanna að beiðnum um afmáningu veðréttinda af yfirveðsettum fasteignum
- Ný ákvæði sett um afmáningu veðréttinda af yfirveðsettum fasteignum, þar sem hlutverk sýslumanns færast til umboðsmanns skuldara
- Ný ákvæði um gjaldfrest eða lægri afborganir veðlana á tímabili greiðsluáðlögunar
- Ný ákvæði um breytingu á samningi
- Ný ákvæði um ógildingu samnings
- Reglugerðarheimild fellur brott

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Já.

2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Nei.

3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Nei.

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Umsækjendur um greiðsluaðlögun, kröfuhafar og embætti umboðsmanns skuldara sem annast milligöngu um sjálft úrræðið.

2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Það er í skoðun hvort gera þurfi ákveðna breytingu til samræmis við frumvarpið á 63. gr. a. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991. Samkvæmt d-lið 4 tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, þá fer dómsmálaráðuneytið með mál er varða gjaldþrotaskipti.

3. **Samráð sem þegar hefur farið fram**

Tillögur að breytingum hafa verið ræddar við kröfuhafa sem standa utan greiðsluaðlögunar. Þá hefur tillaga um að ábyrgðarskuldbindingar vegna námslána falli innan greiðsluaðlögunar verið send til starfshóps sem vinnur að endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna.

4. **Fyrirhugað samráð**

Áframhaldandi samráð við embætti umboðsmanns skuldara. Gert er ráð fyrir að áformaskjal þetta verði birt samráðsgátt og drög að fyrirhuguðu frumvarpi verði jafnframt birt í samráðsgátt. Enn fremur er gert ráð fyrir frekari samráði við ákveðna kröfuhafa og úrskurðarnefnd velferðarmála.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. **Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal**

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?**

Frumvarpið hefur verið unnið í nánu samstarfi við embætti umboðsmanns skuldara og stefnt er að framlagningu frumvarpsins á haustþingi 2023.

2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Á þessu stigi er ekki talið að sérstakan tíma þurfi til aðlögunar eftir að lögin taka gildi, hafi hagsmunaaðilar kynnt sér vel breytingar frumvarpsins. Frumvarpið ætti að geta tekið gildi fljótlega eftir að það hefur verið samþykkt á Alþingi.

3. **Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

Embætti umboðsmanns skuldara þarf að vera í stakk búið að sinna hlutverki sínu samkvæmt löggjöfinni.

4. **Mælikvarðar á árangur og útkomu**

Hraðari afgreiðsla á umsóknum um greiðsluaðlögun. Almennt hraðari og skilvirkari málsmeðferð greiðsluaðlögunarumleitana. Fjölgun samninga um greiðsluaðlögun. Öruggeri meðferð persónuupplýsinga.

5. **Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**

Embætti umboðsmanns skuldara getur gert nákvæma greiningu á samþykktum og synjuðum umsóknum, málsmeðferðartíma, samningum og endurkomum.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað